

GRUNNSKÓLI VESTMANNAEYJA

2022-2025



Gleði – öRyggi - Vinátta

Jafnréttisáætlun

Grunnskóli Vestmannaeyja
900 Vestmannaeyjar
Ísland

Almennt

Í skólastarfi skulu allir taka virkan þátt í að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Skapa þarf tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis.

Samkvæmt 18. grein í lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla frá árinu 2008 ber öllum fyrirtækjum og stofnunum sem hafa 25 eða fleiri starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Markmið laganna er að koma á og viðhalda jafnrétti og jöfnum tækifærum kvenna og karla. Með þessum lögum á að jafna stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 og í Aðalnámsskrá grunnskóla er víða fjallað um jafnrétti kynjanna og mannréttindi. Þar er áherslan á að bæði kynin hafi jafnan rétt til náms, þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Markmið námsins og kennslunnar og starfshættir skólans skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun m.a. vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu stéttar og trúarbragða.

Jafnréttisáætlun skólans snýr að nemendum skólans sem og starfsmönnum.

Samskipti einstaklinga eiga að grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi, sem er forsenda þess að hverjum og einum líði vel. Gagnkvæmt traust, jákvæð og uppbyggileg samskipti móta framar öðru góðan starfsanda.

Það er ósk skólans að einkunnarorð skólans gleði, öryggi og vinátta munu njóta sín betur með þessari áætlun. Það fylgir því ákveðin **gleði** vitandi þess að allir fái sömu tækifæri. Foreldrar geta verið **öryggir** að ekki sé horft til kyns, trúar eða uppruna heldur sé **vinátta** höfð að leiðarljósi í skólagöngu GRV.

Í Grunnskóla Vestmannaeyja á sér reglulega stað innra mat á skólastarfinu, hvort sem um er að ræða starfsmannasamtöl, starfsmannakannanir eða kannanir meðal nemenda og foreldra. Með þessum könnunum gefst gott tækifæri til að kanna og leggja mat á stöðu jafnréttismála í skólanum.

Í jafnréttisáætlun Vestmanneyjabæjar kemur fram að í mennta- og uppeldisstofnunum og uppeldisstarfi á vegum Vestmannaeyjabæjar ber að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls án tillits til kynferðis. Áhersla skal lögð á að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífsins, m.a. með kennslu um jafnréttismál. Í skólastarfi á vegum Vestmannaeyjabæjar skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað.

Nemendur

Í grunnskólalögum er kveðið á um að veita skuli nemendum fræðslu um jafnréttismál meðal annars til að búa þá undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldu- og atvinnulífi. Sem menntastofnun ber skólum, óháð starfsmannafjölda, að uppfylla 22. og 23. gr. jafnréttislaganna gangvart nemendum.

Leitast skal við að mæta þörfum allra nemenda í skólastarfinu. Í daglegri umgengni við nemendur skal þess gætt að þeim sé ekki mismunað og komið til móts við þá óháð t.d. kynferði, kynhneigð, útliti, uppruna, aldri, og trúarskoðanna.

Lögð er reglulega fyrir nemendur könnun um t.d. líðan, sjálfsmynd, áform og virkni. Unnið er með niðurstöðurnar og leitað leiða til úrbóta. Þetta sjálfsmat nemenda er notað sem innlegg í nemenda- og foreldrasamtöl. Grunnskóli Vestmannaeyja notar einnig Skólapúlsinn til að kanna líðan nemenda.

Skólinn vinnur eftir uppeldisstefnunni *Uppeldi til ábyrgðar - uppbygging sjálfsaga (Restitution - Self Discipline)* sem leggur áherslu á jákvæð samskipti, auka ábyrgð og sjálfstjórn nemenda og ýta undir að þeir læri sjálfstjórn og að þekka eigin tilfinningar. Einstaklingurinn á að læra að taka siðferðislega ábyrgð á eigin hegðun og taki ákvarðanir út frá löngun fremur en skömm eða sektarkennd. Þess vegna er lögð áhersla á að nemendum lærist að þekkja og tjá eigin tilfinningar sínar. Þeir eiga jafnframt að kunna að virða tilfinningar annarra óháð uppruna, kyni, búsetu, trú eða fötlun.

Nemendur fá fræðslu um jafnréttismál á öllum stigum skólans, í formi kennslu, fyrirlestra eða umræðu. Það er lykilatriði að vinna markvist með jafnrétti í samfélagsfræðikennslu. Að búa bæði kynin undir ábyrgð og skyldur fjölskyldu- og atvinnulífs og að styrkja jákvæða kynímynd stúlkna og pilta og vinna gegn skaðlegum áhrifum klámvæðingar, kynbundinnar og kynferðislegrar áreitni. Í náms- og starfsfræðslu er lögð áhersla á að kynna báðum kynjum störf sem hafa verið álitin hefðbundin kvenna –eða karlastörf, t.d. með til dæmis með heimsóknum foreldra sem vinna hin ýmsu störf.

Kennsluáferðir eða námsgögn mega á engan hátt mismuna nemendum enda eiga allir nemendur jafnan rétt til náms. Það er á ábyrgð kennara að skima yfir námsefni áður en það er notað í kennslu. Öll verkefni skulu að sama skapi vera á þann veg að ekki er mismunað eftir kynjum, hvort er á við dreifingu á ábyrgð, verkefna eða skiptingu milli nemenda.

Félagslíf nemenda þarf að hafa það að leiðarljósi að hafa jafnan hlut kynja við val í nemendaráð og við hvert það tækifæri þegar nemandi eða nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd. Mikilvægt er að skipuleggja félags- og tómstundastarf með þarfir og hagsmuni beggja kynja í huga

Stjórnendur skulu geri sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að starfsfólk og nemendur verði fyrir kynbundnu ofbeldi, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni á vinnustað eða í skólanum.

Stjórnendur bera ábyrgð á því að kynferðisleg áreitni viðgangist ekki í skólanum og meðferð slíkra mála er í þeirra höndum. Mikilvægt er að nemendur fá fræðslu um slík mál og viti hvernig bregðast skuli við og hvert á að leita búi þeir yfir vitneskju um slíkt. Þá ber starfsmönnum skólans að vera vakandi fyrir einkennum í fari nemenda sem bent gætu til kynferðislegrar áreitni og upplýsa stjórnendur um það.

Komi upp grunur um kynferðislega áreitni eða kynferðislegt ofbeldi eins nemanda eða fleirum gagnvart öðrum er málinu vísað til barnaverndar. Í öllum tilfellum ber stjórnendum að vernda meintan þolanda/þolendur, sjá til þess að þeir séu óhultir gagnvart meintum geranda/gerendum í sameiginlegum rýmum svo sem í skólastofu, í matsal og í íþróttatímum.

Ef yfirmaður er kærður vegna [ætlaðs kynbundins ofbeldis, ætlaðrar kynbundinnar áreitni eða ætlaðrar kynferðislegrar áreitni] ¹⁾ verður hann vanhæfur til að taka ákvarðanir í tengslum við starfsskilyrði kæranda á meðan meðferð málsins stendur yfir og skal þá næsti yfirmaður taka slíkar ákvarðanir. Stjórnendur skólans bera ábyrgð á því að þessu sé fylgt eftir.

Starfsmenn

Sem vinnustaður þarf skólinn að gera áætlun um hvernig starfsmönnum eru tryggð þau réttindi sem kveðið er á um í 19. - 22. grein jafnréttislaganna.

Allir starfsmenn skulu njóta sömu möguleika í endurmenntun og starfsþjálfun óháð kyni, uppruna, búsetu, trú eða fötlun. Þeir búa einnig við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum.

Það er ábyrgð stjórnenda að allir gangi jafnt að borðinu sem og að öll laus störf standi bæði konum og körlum til boða.

Stjórnendur og starfsmenn vinna náið saman til að tryggja að samræming fjölskyldu- og atvinnulífs gangi sem best. Góð samskipti milli stjórnenda og starfsmanna er mjög mikilvægt þegar kemur að samræmingu starfs og fjölskyldu.

Öllum innan skólans er gert það ljóst að kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni er ekki liðin. Umsvifalaust verður tekið á því með réttum stofnunum. Í anda jafnréttislaganna er það á ábyrgð stjórnenda skólans að tekið verði á slíkum málum.

Starfsmönnum er gert ljóst hvert skal leita með mál sem varða kynbundið ofbeldi, kynbundna og kynferðislega áreitni. Einnig ef yfirmaður eða kennari á í hlut, skal þá næsti yfirmaður taka ákvarðanir.

Skólinn leitast við að halda námskeið fyrir starfsfólk þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna og um jafnréttismiðaða kennslu.

Umræðu um jafnréttisáætlunina, bæði það sem snýr að starfsmönnum og nemendum, á að taka upp árlega á starfsmannafundum.

Samantekt

Mikilvægt er að jafnréttisáætlunin sé ávallt í endurskoðun, kynnt fyrir þeim sem að skólastarfinu koma og endurmótuð eftir þörfum. Það er ábyrgð skólastjórnenda að nota matstæki til að vega og meta hvort áætlunin sé í gildi og þá hvort breytingar séu þarfar eða íhlutun á tilteknu máli. Skólastjórnendur nota viðhorfskannanir fyrir nemendur og starfsmannasamtöl meðal annars sem mælitæki.

Áætlunina má nálgast á heimasíðu skólans www.grv.is og í skólanámsskrá GRV..

Jafnréttisáætlun GRV byggir á:

- Jafnréttisáætlun Vestmannaeyjabæjar
- Lögum um grunnskóla nr. 91/2008
- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla
- Aðalnámskrá grunnskóla
- Skólanámskrá GRV

Áætlun þessi tók gildi haustið 2018 og gildir til 2021. Samkvæmt 18. gr. jafnréttislaganna skal endurskoða jafnréttisáætlanir á þriggja ára fresti. Uppfærð áætlun tekur gildi haustið 2022.